



VÍÐISTAÐASKÓLI

ÁBYRGÐ – VIRÐING - VINÁTTA

KENNSLUÁÆTLUN SKÓLAÁRIÐ 2022 - 2023

Námsgrein: Náttúrugreinar

Árgangur: 5. bekkur

Tímar á viku: 3 tímar

Kennari/ar: Sandra Dögg Friðriksdóttir og Svanhildur G. Þorgeirsdóttir

Markmið- hvað ætlum við að læra?

Eðlis- og efnavísindi

- Greint og sagt frá hvernig tækninotkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfi þeirra
- Lesið um hugtök í náttúruvísindum
- Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni
- Lýst kröftum sem hafa áhrif á daglegt líf manna.
- Lýst eiginleikum segla og notkun þeirra
- Fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgötvanir
- Gert sér grein fyrir mikilvægi gagna og líkana við að útskýra hluti og fyrirbæri
- Farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum
- Lýst áhrifum tækni á íslenskar atvinnugreinar,
- Unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkaskiptri tímaáætlun við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi
- Útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks
- Beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt
- Lýst bylgjuhreyfingum og rætt nýtingu hljóðs og ljóss í tækni og atvinnulífi

Lífvísindi

- Unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkaskiptri tímaáætlun við að hanna umhverfi
- Framkvæmt einfaldar athuganir úti
- Lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi
- Framkvæmt og lýst eigin athugunum á jarðvegi, veðrun og rofi
- Lýst einkennum og samspili plantna og dýra, stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt
- Útskýrt hvernig aðlögun lífvera að umhverfinu gerir þær hæfari til að lifa af og fjölga sér
- Lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum
- Tengt þekkingu og beitingu vísindalegra vinnubragða í náttúrufræðinámi
- Tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru.
- Rætt um hvernig ræktanlegt land er notað og ýmsar hliðar landnotkunar og verndunar gróðurs
- Lýst ólíkum vistkerfum á heimaslóð eða við Ísland og útskýrt hvernig Ísland byggist upp
- Gert sér grein fyrir mikilvægi gagna og líkana við að útskýra hluti
- Sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran hátt
- Farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum
- Lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi
- Útskýrt ljóstillífun

Námsefni- hvaða bækur og gögn notum við?

Bækur: Auðvitað á ferð og flugi og Líf á landi. Annað efni frá kennara, af neti og/eða samantekt úr ýmsum bókum. Ýmis gögn til tilraunagerðar.

Kennsluaðferðir – hvernig vinnum við í kennslustundum?

Einstaklingsvinna, hópavinna, lausnaleitarnám o.fl.

Námsmat – hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Hæfniviðmið eru mörg og fer hluti af mati fram í kennslustundum, með mati á vinnubókum, könnunum og öðrum verkefnum. Mat er reglulegt og fer inn á Mentor.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga